

Með ást

á erfiðum aðstæðum og óbyggðum

Mannlýsing

Hann er hávaxinn og dökkur á brún og brá, síðhærður vel svo jafnan er tekið saman í stert; nefstór, stórmyntur og búklangur en fagurlímaður. Augnaráðið ákveðið og handtakið þéttingsfast enda hendur hans stórar og hraustlegar og seinlattar í skautið ef einhver er starfinn. Hann er hvorki frá né sérlega fimur en flestum seigari til andans og lima. Í löngum og erfiðum ferðum grandar þá hvorki sultur, vonleysi né þreyta. Hann er áreiðanlegur og öðrum traustari til félags enda skapgóður, rólegur og úrræðagóður þegar vandi steðjar að. Á slíkum stundum bita hvorki gjamm né illa grundaðar tillögur samferðamanna á honum. Hann er fyrirhyggjusamur og jafnan slunginn að sjá fyrir hið óörðna. Þá er hann nógsamur í búnaði og jafnan svo léttlestaður að eftir er tekið. Yfirburðabekking hans á jarðfræði landsins, staðhættum, veðurfari, snjóflóðum og sögu og raunar lífsgátunni allri er óumdeild. Hann notar XL og 66°N.

Maðurinn er Leifur Örn Svavarsson.

Viðtal við Leif Örn Svavarsson fjallaleiðsögumann

Leifur Örn Svavarsson er án nokkurs vafa einn allra reynslumesti ferða- og fjallamaður landsins. Hann hefur lengi verið ofarlega á blaði sem viðmælandi Útiveru en bæði er erfitt að ná í kappann, sem stundum dvelur meira en hálf tónni í tjaldi til fjalla, og að afmarka efnistökin því ferill Leifs gæti hæglega fyllt allar síður Útiveru ... eða bók ef því er að skipta. Útivera hitti Leif á hlýlegu heimili hans, Sigrúnar og þriggja dætra í Litla-Skerjó í Reykjavík daginn áður en hann hélt utan í leiðangur á Cho Oyu sem er einn af 8.000 metra risunum í Himalaya.

annan mannbroddinn undan skónum þegar ég var kominn sex metra upp í fossinn. Þá áttaði ég mig á því að fossinn var orðin talsvert brattur og ekki nokkur vegur að sparka sér far með skónum eða tosa sig upp á einni 70 cm ísexi ... án fétls. Ervin þurfti því að bakka niður til mín og með því að halda í fótinn á honum gat ég hoppað upp restina. Svo smelltum við bara broddunum aftur á og fórum aðra ferð áður en við fórum algveg upp undir brún þar sem skóf rækilega fram af. Við klifurðum yfir brúnina og létum okkur svo vaða fram af hengjunni í snjó upp undir brjóst. Eftir á að hyggja var sennilega mesta mildi að ekki fór verr því brekkan var beint ofan við ísfossinn sem hinir voru að klífa í. Það var sennilega mesta mildi að maður fór sér ekki að voða á þessum árum.

Í framhaldinu notuðu þeir Einar Torfi og Leifur hvert tækifæri sem gafst til að fara á fjöll og sönkuðu að sér og bjuggu til útbúnað eftir hendinni.

Við fórum hægt af stað og lærðum að ganga áður en við fórum að hlaupa og áttum svo sem ekkert fljúgandi start inn í klifurgráðurnar þar sem löðrétt var ekki byrjunin á klifrinu, eins og nú er, heldur þótti það erfitt markmið. Við vorum sparsamir á allan hátt. Klettafífurskórinn voru keyptir í Dómsu af því að striga-skórinn þar voru með aðeins harðari sóla heldur en skórinn í íþróttabúðinni og kostuðu líka mun minna. Að vísu þurfti smá límband inn í þá vegna þess að þegar búið var að ganga þá til komu heftin, sem héldu botninum saman, í gegn um sólann. Sumarið sem ég var 16 og 17 ára vann ég hjá Landsvirkjun og þar komst ég í úrval af róm sem við gátum sagað og borað og beygt og notað sem hnetur til að tryggja í klettana. Þetta var hins vegar óhemjuþungt og ég man að ég hélt hnetu-

settinu á bak við mig svo kempurnar í Stardal sæju það ekki.

Um leið og þeir höfðu aldur til splæstu þeir frændur í Willys-jeppa sem opnaði enn fleiri dyr að áhugamálinu.

Við fórum í margar skemmtilegar ferðir eins og á Pumal í Skaftafellsfjöllum. Í fyrstu ferðinni þangað lentum við í mikilli þöku og fundum ekki aðalleiðina heldur réðumst bara með heimatilbúna hamarinn og hnetusettið á Pumalinn þar sem við komum að honum. Við komumst tvær línu lengdir upp og tókst þar að meitla inn festu með heimatilbúna hamrinum og síga niður á þrússikbandi sem sjálfsagt er þar enn. Í annarri tilraun fundum við rétta leið. Þetta er virkilega falleg leið og minna klifur en það lítur út fyrir að vera en leiðin er brött og tindurinn fallegur. Á þessum árum fannst okkur ekkert merkilegt nema það sem taldist erfitt og þó það væri vissulega gaman að ganga á gönguskiðum þá var ganga oftast bara aðferð til að komast að klifurleiðum. Síðan þróaðist þetta og varð að almennum áhuga á náttúru og ferðamennsku.

Fjallamennskan leiddi Leif og Einar í Flugbjörgunarsveitina og síðar í leiðsögn.

Í leiðsögninni byrjaði ég fyrir álika tilviljun. Ætli það hafi ekki verið 1984. Þetta var sumarið eftir að ég kláraði fyrra árið í nýliðastarfi Flugbjörgunarsveitarinnar. Ég fór þá eina ferð fyrir tilviljun þar sem tvær konur höfðu slitið sig frá gönguhópi sem þær voru í af því að þeim hafði orðið eitthvað sundurorða við leiðsögumennina. Það var greinilega skortur á leiðsögumönnum á þessum árum því mér var skutlað inn í Laugar og fylgdi þeim suður Laugaveginnum.

Viðtal:
Jón Gauti Jónsson
jongauti@fjallvi.is



Sumarið eftir fór ég nokkrar ferðir sem íslenskur leiðsögumaður fyrir BSÍ en þær voru margar hverjar mjög skemmtilegar. Þetta voru franskir túristar sem voru með franskan hópstjóra. Þetta voru alvöru ferðir og þegar mér var boðið að taka fyrstu „Grand Travers“ ferðina Novell Frontier en það er mjög ódýr ferðaskrifstofa ... sennilega sú ódýrasta í bransanum og ferðirnar til Íslands voru engin undantekning þar sem þær voru í ódýrari klassanum af ódýru ferðunum. Þetta voru þriggja vikna tjaldferðir þar sem gengið var þvert yfir landið án þess að þurfa nokkurn tíma að borga fyrir tjaldsvæði og eini kostnaðurinn var mjög takmarkaður og fábreyttur matur af því að það varð að bera hann á bakinu og svo laun leiðsögumans. Það tók mig þó nokkrar ferðir að átta mig á því að helmingur þátttakenda valdi þessa ferð af því að hún var ódýrasta Íslandsferðin í bæklíngnum. Á þessum árum var lagt af stað frá Landmannalaugum og gengið norður að Mývatni á tólf dögum. Þetta var góður skóli á þessum árum.

Á þessum fyrstu árum í leiðsögn þroskaðist Leifur mikið sem ferðamaður. Á þessum fyrstu árum fór gangan að kveikja almennan áhuga á náttúrunni. Þótt leiðin yfir hálandið væri á köflum hrjóstrug fór ég að bera sterkari tilfinningar til þessara köldu og afskekktu svæða. Á leiðinni voru líka stór og alvarleg verkefni sem þurfti að yfirstíga og ég neita því ekki að stundum fékk ég í magann. T.d. þegar vaða þurfti Sveðju og fara

„Ég verð hræddari með árunum ... það er ekki spurning“

yfir Köldukvíslarjökul. Þá vorum við svo einangruð frá umheiminum að mér leið strax betur þegar komið var í Vonarskarð því þá vissi ég að ég gæti hlaupið á einum degi inn í Nýjadal til að láta vita ef eitthvað var að. Á þessum árum var ég náttúrulega hvorki með síma né GPS-tæki ... bara með áttavitann og kort. Þetta var heilmikil áskorun og upp úr þessu fór ég eiginlega að meta útvist. Og þó að lóðrétta veröldin sé vissulega falleg, sérstaklega að vetrarlagi, þá finnst mér þessi almenna útvist langmest gefandi.

„Fullkomin vinna ef ekki væri allt þetta fólk að elta mann!“

Stundum heyrst sagt að þetta væri náttúrulega fullkomin vinna ef það væri ekki allt þetta fólk að elta mann! Þetta er náttúrulega sagt í gríni en vissulega kemur fyrir að í ferðirnar kemur fólk sem er beinlínis ekki ánægjulegt að ferðast með og þá er það bókstaflega hlutverk leiðsögumannsins að sinna öllum og skila af sér ánægðum farþegum og það getur verið ljúandi og slítandi. En þegar vel gengur og fólk er ánægt og afslappað þá finnst mér þetta mjög skemmtilegt og þá nýt ég náttúruupplifunarnar engu síður en ef ég væri einn eða með félögum mínum. Ég hef komið mjög oft á suma staði á landinu, í mismunandi veðri og mismunandi birtu og í raun finnst mér skemmtilegast að koma á staði sem ég hef kannski komið nokkrum sinnum á áður og er farinn að bera tilfinningar til. Suma staði þekki ég orðið mjög vel en er samt alltaf að sjá nýja hluti og læra að meta svæðið í hvaða veðri og birtu sem er og þannig kannski farinn að átta mig á því hvað sumir staðir eru í raun og veru fallegir. En það er líka gott að fá tilbreytingu og þegar við stofnuðum

Íslenska Fjallaleiðsögumenn ég Einar Torfi, Hjørleifur, bróðir Einars, og Sveinn Helgi Sveinsson þá fengum við kærkomna hvíld frá Laugavegssvæðinu þegar við fórum sjálfir að kanna nýjar gönguleiðir. Síðar var svo gaman að endurnýja kynnin við Fjallabakssvæðið og þá sá ég það í nýju ljósi.

En skildu einhver landsvæði vera eftir eða er Leifur búinn að ferðast út um allt?

Nei ... því fer fjarrí. Fyrst fannst mér það kappsmál að hafa séð sem mest af landinu.

Fannst það eiginlega hluti af bakgrunni mínum sem leiðsögumanni að hafa komið á alla staði og séð allt. Núna finnst mér það hins vegar mjög mikils virði að til sé fullt af svæðum sem ég hef lítið ferðast um eða á alveg eftir að skoða. Ég upplifi það eiginlega bara sem verðmæti og finnst gott til þess að hugsa að geta upplifað það síðar með fjölskyldunni. Ég held það væri ekkert góð tilfinning að finna maður vera búin að sjá allt og eiga ekkert eftir. Það gerist ekki oft en stundum yfir sumarið koma smá eyður í leiðsögninni og þær nýti ég til þess að drífa mig eitt-hvert með fjölskylduna. Fyrir þremur árum fórum við t.d. í eina slíka ferð

upp á Mýrar með tvo tveggja manna kajaka og rérum þá með tveir eldri dætur okkar. Þetta var að vorlagi og fuglalífið á fullu og svo rérum við bara stuttar vegalengdir, tjölduðum í sandinum, gerðum varðeld og veiddum í sjönum. Þarna voru selir og fullt af fugli. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt og ég get vel hugsað mér að gera meira af því að ferðast á rólegum nótum með fjölskyldunni í fallegu umhverfi.

„Ég hef ótrúlega gaman af erfiðum kringumstæðum“

Hvað skildi leiðsögumaður eins og Leifur gista margar nætur í óbyggðum á einu ári?

Fyrstu árin taldi ég næturnar sem ég svaf í Everest-vefrarsvefnpokanum mínum, sem ég eignaðist árið 1984, og ákvað að láta hreinsa hann þegar ég var kominn vel yfir þúsund nætur í honum. Eitt árið sem ég var í fullri vinnu við leiðsögn taldi ég saman gistinætur í tjaldi og komst þá að því að ég var að heimann í tjaldi í meira en 200 nætur þá ári og þar af yfir 80 nætur á Grænlandi, bæði í leiðöngrum og könnunarferðum. Ég fór í páskaferð, gekk yfir Grænlandsjökul, fór

norður til Thule og ferðaðist suður alla vesturströndina til að skoða aðstæður fyrir íslenskt sjávarútvegs-fyrirtæki. 200 nætur frá fjölskyldunni er langur tími og mikil útgerð.

En hvernig bregst fjölskyldan við þessum löngu fjarverum?

Leifur er snöggur til svars „Viltu ekki bara spyrja hana?“ Útvera snýr sér því að Sigrúnu og Hrefnu sem sitja andspærnis okkur Leifi í hinum sófanum í stofunni og lesa blóðin. Hvernig gengur útgerðin í landi?

Sigrún: Á hverju

hausti er maður orðin nett-þreyttur á þessu. Þetta er svoldið svona eins og kennslan. Í lok vertíðar er maður gjörsamlega búin að fá nóg og nennir eiginlega varla öðru svona sumri en svo líður veturinn og Leifur er heima og þá hugsar maður með sér að þetta sé allt í lagi, þetta sé ekkert svo langur tími, en í lok sumars er þetta allt orðið svoltítið pakkað ... mér finnst það eiginlega alltaf vera þínu erfiður tími.

En hvernig er það svo þegar áhugamálið leggst ofan á vinnuna og Leifur er fjarverandi heilu og hálfu mánuðina eins og nú um stundir. Er þetta sameiginleg ákvörðun ykkar?



Sigrún: Þetta er náttúrulega ekki sameiginleg ákvörðun en ég skil alveg þessa þörf og þessa löngun hans. Mér finnst einhvern vegin ekki mitt að stoppa né leyfa ef þú skilur hvað ég á við. Leifur er það þroskaður karakter að ég veit að hann tekur ekki bara ákvörðun sem kemur ekki bara honum best heldur hinum líka.

En það verður svoldið þannig að það eru kannski tveir dagar sem Leifur er búinn að vera í burtu og þá spyrja stelpurnar allt í einu „heyrðu! Hvar er pabbi“?

Og kannski er það ekki endilega fjarvistin sem er erfið heldur tímabil-ið fyrir ferðirnar þar sem hugurinn er komin allt annað og það liggur við algert sambandsleysi.

En hvað með verkefni sem eru leynt og ljóst í burðarliðnum? Skildi Sigrún vita hvað er í vændum? Sigrún hlær og játar. Ég velti því upp hvort hún óski þess að þetta sé búit þegar Leifur hefur gengið á Everest?

Sigrún: Ég held þetta sé aldrei búit ... ég held ekki! En þá er hann kannski búinn að losa smá spennu og á meðan að fertugskrisan gengur bara út á þetta þá er það í lagi ... segir Sigrún og hlær innilega.

Ég verð hræddari með árunum ... það er ekki spurning. Maður var kominn yfir tvítug þegar maður taldi sig ódrepanði. Og þegar maður hugsar til baka þá eru nokkur atvik sem maður hefur upplifað sem standa upp úr í þeim efnum, eins og þegar við Guðjón Marteinsson klifum hæstu tindu Grænlands 1999. Þetta voru langir dagar, sem við fórum eins og allar ferðir með Guðjóni, þar sem við keyrum af mjög mikilli hörku. Fyrsta daginn fórum við á Gunnbjörnsfjall (3 694 m), hæsta fjall Grænlands og dagin eftir á næsthæsta fjallið, Dome (3 683 m). Það var endalaus fjallganga, fyrst að fjallinu því við ákváðum að færa ekki grunnbúðirnar og síðan upp hrygginn sem var mjög langur svo við vorum ekki komnir upp á topp fyrr en um miðnætti í -40°C svo kvikasífurssúlan hvarf niður í litlu kúluna og myndavélin þoldi ekki nema eina mynd fyrir utan dúnúlpuna. Maður fraus í kinnunum en við nudduðum í þær lífi hvor hjá öðrum þegar þær urðu hvítar. Andardrátturinn fraus allur innan í hettunum. Þarna vorum við í öllum okkar fótum og dúnúlpunni utan yfir. Og mér er það sérstaklega minnisstætt þegar við vorum á leið niður af Dom í morgunsárið þar sem ég var í öllum

fótunum, búin að borða allt nestið og mér varð kaldara og kaldara. Orkan var semsagt alveg búin svo maður náði ekki einu sinni að halda á sér hita á göngu í öllum þessum fótum. Við vorum kannski ekki í neinni hættu þarna, þar sem við náðum að ganga í tjaldið, en þarna fattaði maður að það þarf ekki þverhnýpta klettaveggi og hyljúpar jökulsprungur til að maður fari sér að voða, maður getur í þessari eðlilegu ferðamennsku auðveldlega farið sér að voða. Þarna sá maður allt í einu hlutina í nýju ljósi.

Yfirleitt hef ég haft gaman af þessum erfiðu aðstæðum því þá hleypur í mann ..., ég veit ekki hvort það er arfleifið vikinganna, en þá hleypur í mann einhver berserkjaandi á meðan á erfiðustu aðstæðunum stendur. Þetta gerist yfirleitt í brjáluðu veðri eða þegar maður lendir í óvæntum erfiðleikum með gönguskíðin og púlkurnar á svæði sem maður á alls ekki að vera á eða dröslast eftir klettasillum, en þá sækir maður einhverstaðar forðaorku sem bara kveikir í manni. Ég hef ótrúlega gaman af svona kringumstæðum og góð tilfinning að finnast maður vera sterkur og að maður ráði við aðstæður og finnast maður líkamlega vel á sig kominn. Það er svo kannski

ekki fyrr en daginn eftir þegar maður hefur ofnotað orkuna að niðursveiflan kemur og maður áttar sig á því hvað maður skemmti sér vel í svartnætti allra hinna í ferðinni. En ef þú ert að spyrja beint út í hvenær ég var hættast kominn. Þá held ég að það hafi nú verið þegar ég tók 35 metra löðrétt fall í isfossi og hrapaði niður á hliðina fyrir neðan án þess að vera með neina festu í ísveggnum. Þá varð mér það til happs að ég kom af stað snjóflóði sem tók af mér versta höggið og bar mig niður í gilið áður en bandið sem félagi minn hélt í strekkti á mér. Með samlagðan hryggjarlið staulaðist ég af stað niður í bíl en kom þá af stað öðru og miklu stærra snjóflóði þar sem félagar mínir voru vissir um að ég hafði grafið og væri allur ... í annað sinn þennan morgun. Með tímanum áttar maður sig á því að það er ekkert sjálfsgaet að komast lifandi frá svona dögum, en þeir eru sem betur fer ekki margir.

„Löngunin í háa tindu sterkari en ókostirnir“

Ég sný mér aftur að Leifi sem sat á lengdar og hlustaði? Hvenær vaknaði þessi löngun að stefna herra og lengra? Í sjálfu sér hef ég alltaf vitað af þessum fjöllum en eiginlega fundist

þau frekar óyfirstíganleg. En ætli það sé ekki hluti af fertugskrisunni þegar maður áttar sig á að maður er ekki eilífur og þá um leið hvað það er sem mann raunverulega langar að gera. Þetta náttúrulega kostar fórnir en maður þarf að fara í gegnum þetta ferli til að komast að ákvörðun. Og í mínu tilfelli þá mat ég það svo að löngunin væri sterkari en ókostirnir eins og fjarveran, kostnaðurinn og það allt. Mig langar semsagt að klára nokkur af þessum erfiðustu verkefnum jarðar ... og já mig langar á Everest.

Ég held að tölfræðin sé sú að fjallgöngur á fjöll yfir 8.000 metra sé eitt áhættumesta áhugamál sem mannskepnan hefur fundið upp á, þannig að ég færi ekki á hvaða fjall sem væri og ég held ég láti til dæmis næsthæsta fjall jarðar, K2, eiga sig þótt það sé eitt tignarlegasta fjall heims og mjög ofarlega í virðingarröð fjallamanna. En það er margt annað sem er vel gerlegt og með ásættanlega áhættu.

Ágúst Guðmundsson í Bakkavör og Leifur þekkjast frá gamalli tíð en Ágúst og reyndar Þuríður kona hans hafa verið ferðafélagar Leifs á t.d. Aconagua og Elbrus. Ágúst var hins vegar einn með Leifi í fyrstu ferðinni á Mount McKinley. En skildu þau stefna saman á Everest? Við Gústi kynntumst fyrst í Flugbjörgunarsveitinni og síðan vorum við talsvert saman í leiðsögn. Hann er góður ferðafélagi og ég væri alveg til í að fara með honum en það er ekkert ákveðið ennþá.

En hvað gerir Leifur þegar Cho Oyu leiðangrinum líkur... er eitthvað í sigtinu? Já, þú segir nokkuð! Ég ætlaði reyndar að fara á Gasherbrum II (8.035 m)



Það sem upp úr standur á tæplega þrjátíu ára ferli Leifs

- 1980 Fyrstu gönguskíðin ... styttri ferðir.
- 1981 Eignaðist klifurbúnað og byrjaði að fikta. Ísklifurnámskeið hjá Ísalp.
- 1982 Klettaklifurnámskeið ýmsir tindar; Tindfjallajökull, Hekla o.fl.
- 1983 Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík.
- 1984 Keypti Willis-jeppa með Einari Torfa og þvældist um hálandið; Hrótsfjallstindar, Hlöðufell o.fl. Leiðbeinandanámskeið í skyndihjálp. Laugavegurinn á skíðum. Keppti í fjallamaraþoni Landsambands Hjálparveitar Skáta.
- 1985 Fyrsta ferðin í Alpana og fjallamenskunámskeið hjá Kapruner Hochgebirgsschule í Austurríki. Kleif Mont Blanc, norðurvegginn á La Tour Ronde o.fl. Kleif m.a. Pumal. Fyrsta ferðin sem fararstjóri með franska ferðamenn. Fyrstu ferðirnar sem fararstjóri hjá Ferðafélaginu um páska og áramót.
- 1986 Ýmislegt brólt með Flugbjörgunarsveitinni og flokkstjórn.
- 1987 Mánaðarferð í Alpana með Einari Torfa og síðan Jóni Geirssyni. Klífur m.a. Frendo hrygginn á Midi með bívak í þrumuveðri og ítölsku Brenvaleiðina á Mt. Blanc, La Tour Ronde, Gervasutti Coloir, hryggjaleiðina á Rochefort og reyndu við fleiri leiðir. Veturseta í Frakklandi með meiri ástundun klettaklífurs en frönskunáms!
- 1988 Leiðbeinandaréttindi í snjóflóðum, mikið ísklifur með ýmsum aðilum.
- 1989 - 1990 Jarðfræðinám við HÍ. Allnokkrar nýjar ísklifur- og fjallamenskuleiðir, austurveggurinn á Antafellstindi bar hæst.
- 1991 - 1999 Stundaði blandaða fjallamenskun og ferðalög. Leiðsögumaður yfir Sprengisand, bæði sumar og vetur, einnig nokkrar ferðir yfir Vatnajökul og fleira krefjandi. Með Guðjóni Marteinsyni sigraði hann í tveimur fjallamaraþonum Landsbjargar og saman fóru þeir eina vetrarferð í Alpana.
- 1999 Leiðangur til Austur Grænlands þar sem farið var á Gunnbjörnsfjall og Dome með Guðjóni Marteinsyni.
- 2000 Leiðangur á Mont Forel, leiðsögn og klífur.
- 2002 Fararstjóri í leiðangri yfir Grænlandsjökul.
- 2003 Keppti í Arctic Team Challenge, fjögurra daga þrekraun á austur Grænlandi og lenti í 4. sæti.
- 2004 Denali/Mount McKinley í Alaska.
- 2005 Elbrus í Kákasus-fjöllum.
- 2006 Fararstjóri í tveimur leiðöngrum á Grænlandsjökli. Annar fór á 20 dögum þvert yfir jökulinn og hinn var 29 daga leiðangur norður eftir jöklinum og til baka til Ammassalik.
- 2007 Aconagua í Argentínu í janúar og Elbrus í júní.

í Pakistan sem er mjög fallett fjall á skemmtilegu svæði en hefur þann ókost að vera aðeins fært um mitt sumar sem er hábjargræðistíminn hjá mér. Þessi leiðangur féll niður og þá hoppaði ég á seinustu stundu inn í þennan leiðangur á Cho Oyu (8 202 m) af því að ég var kominn í girinn. Cho Oyu er sjötta hæsta fjall jarðar og með góða tölfræði og tiltölulega lítið af slysum. Það er ekki slysalaust, langt frá því, en skilað háu hlutfalli leiðangursmanna á toppinn. Þeir leiðangrar sem eru að bjóða upp á ferðir á fjallið virðast vera búnir að læra vel á fjallið svo það er ekki margt sem kemur á óvart. Núna förum við eftir Monsoon tímabilið en almennt er talið heppilegra að fara á vorin

áður en Monsoon skellur á. Tölfræðin segir að þá séu meiri líkur á því að ná toppnum. Annars er Cho Oyu mikið notað sem fyrsta skrefið eða aðlögunarfjall áður en menn reyna við Everest. Rétt eins og íslensku Everestfararnir gerðu árið 1996.

Svo það verður þá Everest á næsta ári? Nei! ekki á næsta ári ... það er alveg gefið, en ég væri alveg til í að setja það inn á planið vorið 2009.

Að svo búnu hafði Leifur fengið nóg ... því þótt hann sé vanur löngum ferðum og öllu sem þeim við kemur átti hann eftir að redda ansi mörgu áður en hann héldi utan daginn eftir. Útivera óskar Leifi góðrar göngu.